

Borgarstjórn
18. september 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um borgarlínu

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsviði að hefja eftirfarandi verkefni til tryggja framgöngu borgarlínu sem hágæðakerfis almenningssamgangna:

1. Klára breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 með samgöngu- og þróunarásum fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna – Borgarlínu.
2. Hefja skipulagsvinnu rammaskipulags fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna í sérrými með austur-vestur tengingu frá Lækjartorgi upp á Ártúnshöfða og norður-suður tengingu um Vatnsmýri. Drög verði tilbúin í vor og tillaga verði tilbúin næsta haust.
3. Áætlun og eftir atvikum skipulagsvinnu fyrir fjölbreytta húsnaðisuppbyggingu meðfram þróunarásum borgarlínu, sem verði unnin samhliða.
4. Tillögur að reitum innan áhrifasvæðis hágæða almenningssamgangna þar sem unnið er sérstaklega með hagkvæmar og nútímalegar lausnir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur.

Greinargerð

Í vor samþykktu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu breytingar á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir heildarkerfi hágæða almenningssamgangna – borgarlínu. Næstu skref verkefnisins liggja í breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna ásamt annarri skipulagsvinnu. Samhliða þeirri vinnu þarf að forhanna samgöngumannvirkir.

Lagt er til að breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur verði unnar í áföngum til innleiðingar borgarlínu. Samhliða fyrstu breytingu á aðalskipulagi verði ný stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum innleidd í aðalskipulag.

Í vinnu rammaskipulags borgarlínu verði unnið með hermilíkön, farþegaspár og kostnaðaráætlanir og mismunandi útfærslur akstursleiða. Gatnamót og biðstöðvar verði forhannaðar og mismunandi leiðir bornar saman. Í kjölfarið verður fest eins og hægt er það þversnið sem á að nota á hverjum legg línunnar fyrir sig, útfærslur á þeim gatnamótum sem línan fer um ásamt endanlegum útfærslum á biðstöðvum. Samhliða verði unnið að aðlögun leiðakerfis Strætó til skemmri og lengri tíma að borgarlínu. Forgangsröðun leiða verði eftir því hvar farþegagrunnur er hvað mestur, bæði til skemmri og lengri tíma. Vinnan verði unnin í víðu samráði við íbúa, hagsmunaaðila, Strætó, SSH, Vegagerðina og aðra aðila sem að málinu koma.

Í kjölfarið verði hafist handa við nauðsynlegar deiliskipulagsbreytingar og/eða deiliskipulagsgerð samhliða verkhönnun samgöngumannvirkja. Framkvæmdir við fyrstu verkhlutu verði tilbúnar í útboð árið 2020.

Verkefnastjóri verði ráðinn inn á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar sem vinnur sérstaklega með hönnun samgöngumannvirkja og samráð. Einnig verði ráðinn verkefnastjóri rammaskipulags sem vinnur sérstaklega að húsnaðismálum með tengingu inn á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Verkefnastjórar og starfshópur USK og SEA, sem skipaður verður til að vinna að verkefninu, kynni framgang verkefnisins reglulega fyrir skipulags- og samgönguráði og borgarráði.